

Aðalfundur FAAS
haldinn á Grand Hóтели 11. maí 2016, kl. 17:00

Dagská fundar:

1. Setning fundar
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir
5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda, skýrðir og afgreiddir
6. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda
7. Skýrslur fagráða og starfshópa
8. Lagabreytingar
9. Kosning stjórnar
10. Kosning skoðunarmanna reikninga, einn aðalman og einn varamann
11. Ákvörðun um árgjald
12. Önnur mál

1. Setning fundar.

Árni Sverrisson, formaður FAAS setur fund og býður fólk velkomið. Upplýsti að félaginu hafi verið gefin gjöf að upphæð kr. 750.000.- til minningar um Guðnýju Gestsdóttur, sem lést á 93. aldurssári.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Tillaga að fundarstjóra, Berglindi Svavarsdóttur og fundarritara, Helgu Sigujónsdóttur.

Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri fór yfir lögmati boðun fundarins sem metin var lögmæt.

3. Skýrsla stjórnar.

Árni Sverrisson, formaður FAAS, flytur skýrslu stjórnar. Sjá má skýrslu formanns á heimasíðu FAAS:

http://www.alzheimer.is/gogn/arsskyrsla_stjornar_2014_2015.pdf

Engar athugasemdir voru gerðar um skýrslu formanns.

Var hún borin upp til samþykktar - samþykkt samhljóða.

4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.

Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikninga félagsins.

Ársreikningar bornir upp til samþykktar og voru samþykktir samhljóða.

5. **Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda, skýrðir og afgreiddir.**

Svava Aradóttir, fór yfir ársreikninga félagsdeilda;

Fríðuhús-Dagbjálfun, Austurbrún 31 – ársreikningur ársins 2015

Drafnarhús – Dagbjálfun, Hafnarfirði – ársreikningur ársins 2015

Maríuhús- Dagbjálfun, Blesugróf 27 – ársreikningur ársins 2015

Ársreikningar félagsdeilda bornir upp til samþykktar og voru samþykktir samhljóða.

6. **Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.**

Svava Aradóttir fór yfir lykiltölur fyrir árið 2015 – úr Fríðuhúsi, Drafnarhúsi og Maríuhúsi. Forstöðumenn húsanna svöruðu fyrirspurnum.

Skýrslur bornar upp til samþykktar og voru samþykktar samhljóða.

7. **Skýrslur fagráðs og starfshópa.**

Liður fellur niður. Fagráð hefur ekki verið starfandi í nokkur ár. Starfshópur hefur ekki lokið störfum.

8. **Lagabreytingar. Lagabreytingar voru kynntar í fundarboði.**

Tillaga 1; Yfirskrift laganna verði „Lög Alzheimersamtakanna á Íslandi“.

Tillaga 2; 1. gr. laganna nafn félagsins verði „Félagið heitir Alzheimersamtökin á

Tillaga 3; Í 5. gr. laganna um aðalfund félagsins verði bætt inn í 10. dagskrárlíð „2ja“, að kosið verði um 2 skoðunarmenn reikninga en út falli „einn aðalman og einn varamann“.

Tillaga 4; Í 10. gr. laganna verði þær breytingar að í 2., 3. og 5. málsgrein falli niður skammstöfunin FAAS og í stað komi neðangreint.

2. málsgrein – **félagsins** og **Alzheimersamtakanna**

3. málsgrein – **Alzheimersamtakanna**

5.málsgrein - **Alzheimersamtakanna**

Formaður kom í pontu og kynnti fyrrgreindar lagabreytingar.

Vakti athygli á að í raun væri einungis verið að breyta nafni félagsins en engu efnislegu í lögum félagsins. Nefndi að skammstöfunin“ FAAS“ segi ekki mikið fyrir hvað félagið stendur eða þá þjónustu sem það veitir og því þykir ástæða til að breyta nafni félagsins og rakti ástæður þess.

Fyrirspurn kom um hvort að eignarfalls „s“ eigi að vera í heiti samtakanna, þ. e. Alzheimersamtökin eða Alzheimersamtökin.

Ábending kom um að skoða ætti orðalag 3. gr., 3. málsgr. a, þar sem nefndir er Alzheimerssjúklingar, að bæta megi orðalag.

Ekki frekari fyrirspurnir.

Fundarstjóri bar upp tillögur að lagabreytingum til samþykktar:

Tillaga 1 og tillaga 2 borin upp saman til samþykktar:
Samþykktar samhljóða.

Tillaga 3 borin upp til samþykktar:
Samþykkt samhljóða.

tillaga 4 borin upp til samþykktar:
Samþykkt samhljóða.

9. Kosning stjórnar:

Árni Sverrisson, formaður, gefur kost á sér til eins árs eða til 2017.

Brynjólfur Bjarnason, gefur kost á sér í aðalstjórn til tveggja ára eða til 2018.

Helga Sigurjónsdóttir, gefur kost á sér í aðalstjórn til tveggja ára eða til 2018

Guðjón Brjánsson, varaformaður, var kosinn til tveggja ára á aðalfundi 2016 og situr því til 2017.

Friðfinnur Hermannsson var kosinn til tveggja ára á aðalfundi 2016 og situr því til 2017.

Varamenn:

Kristný Rós Gústafsdóttir og Berglind Anna Magnúsdóttir, gefa kost á sér til eins árs.

Tillaga borin upp til samþykktar:
Samþykkt samhljóða.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Tillaga stjórnar:

Kristinn Jörundsson og Ragnheiður K. Karlsdóttir

Samþykkt samhljóða.

11. Ákvörðun um árgjald.

Tillaga stjórnar er að árgjald verði óbreytt kr. 3000.-

Samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál.

Formaður tók til máls, þakkar stuðning og kosningu til formanns næsta árs. Óskar nýrri stjórn til hamingju með nýja kosningu.

Formaður kynnir tillögur að nýju merki (logo) Alzheimersamtakanna sem stjórn hefur samþykkt. Merkið er brotið/klofið lítið „a“ sem á að tákna þverskurð af heila og á rofið/brotið að merkja heilabilun.

Kynning á nýrri heimasíðu Alzheimersamtakanna, alzheimer.is. Heimasíðan er ekki tilbúin en komin góð mynd af því hvernig hún mun líta út.

Vinnan er langt komin og stefnt er að opnun á næstunni.

Athugasemdir komu um þá sem ekki eru tölvutengdir og spurt hvert eiga þeir að leita.

Framkvæmdastjóri varð fyri svörum og sagði að þeir geti leitað til félagsins um fræðslu, ráðgjöf og stuðning eins og áður, símleiðis eða með að koma á skrifstofuna.

Fyrirspurn um opið hús og hvað það felur í sér. Framkvæmdastjóri verður fyrir svörum; Segir þetta nýjung hjá samtökunum og verið sé að móta starfssemina en markmiðið er stuðningur, ráðgjöf og samvera. Búið er að auglýsa næsta opna hús sem er þann 18. maí nk.

Fundarstjóri býður fundarmönnum að taka til máls undir liðnum önnur mál.

Enginn tjáði sig undir þessum lið.

Formaður sté í pontu. Þakkar fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og fundarmönnum fyrir góða fundarsetu. Einnig óskar hann nýrri stjórn Alzheimersamtakanna á Íslandi til hamingju með kjörið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15.